



Hördúvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 4.bekkur

Námsgrein: Náttúrufræði

Fjöldi kennslustunda á viku: 4

Kennarar: Erla Margrét, Fjóla Katrín, Sigurlaug M. og Þóra

Markmið:

Stefnt er að því að hvert og eitt barn vakni til umhugsunar um umheiminn í víðu samhengi og byggji ofan á þá kunnáttu sem fyrir er. Markmiðið er að vekja áhuga nemenda á yngsta stigi í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra, efla læsi í víðu samhengi s.s. merkjalæsi, myndalæsi, kortalæsi, samfélagslæsi, samskiptalæsi og líkamstjáningu, virkja ímyndunarafl og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýnni hugsun, þjálfar nemendur til vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra, hvetja til sjálfstæðrar þekkingarleitar, efla ritun og orðaforða nemenda, samþætta yfirferðina við skólastarfið í heild sinni, nærumhverfið og samfélagið, að læra í gegnum hreyfingu, leiki og þrautir, inni sem úti.

Kennsluaðferðir: Uppgötvanir, rannsóknir, ritun, lestur, samræður, þrautir og leikir.

Námsgögn: Halló heimur 2 og 3 (Nemendabók og verkefnabók)

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
<i>Ekki gefið A</i>	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
<i>Ekki gefið D</i>	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.



Hörðuvallaskóli

Matsviðmið eru sett fram fyrir allar námsgreinar og námssvið við lok 4., 7. og 10. bekkjar og eru þau lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Matsviðmið eru birt á A–D matskvarða. A lýsir framúrskarandi hæfni. B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
4 vikur	Vatn Loft og hljóð	Útskýrt muninn á heitu og köldu með einföldum tilraunum. Notað einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu. Áttað sig á að efni hafa massa og stærð. Með athugun sýnt fram á að efni geta skipt um form og breyst en hverfa ekki.	Virgni í tímum Vinnubók Tilraunir
4 vikur	Líkami og sál Heilbrigð sál í hraustum líkama	Gert sér grein fyrir tilvist örvera í umhverfinu sem geta ýmist verið gagnlegar eða skaðlegar. Þekkt og flokkað algeng efni og lýst helstu eiginleikum þeirra. Tekið þátt í umræðu	



Hörðuvallaskóli

		um hvernig maðurinn nýtir náttúruna. Framkvæmt og útskýrt einfaldar tilraunir um efnabreytingar og hamskipti.	
4 vikur	Fuglar og villt spendýr	Nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta. Sett fram spurningar, leitað svara um náttúruleg fyrirbæri og útskýrt valið viðfangsefni.	Virgni í tímum Vinnubók Tilraunir
4 vikur	Himinn geimurinn	Útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn. Nefnt dæmi um hvernig land verður til og mótað. Rætt hvort að tiltekið atriði í samræðu eða texta sé staðreynd eða skoðun í tengslum við náttúruvísindi.	Virgni í tímum Vinnubók Tilraunir
4 vikur	Kraftur og hreyfing	Framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast algengustu orkuformum í umhverfi sínu. Nefnt dæmi um uppruna orku og tekið	Virgni í tímum Vinnubók Tilraunir



Hörðuvallaskóli

		þátt í umræðu um orkusparnað.	
4 vikur	Í blóma lífsins	Lýst ytri byggingu á helstu hlutum sveppa. Sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. Gert sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum. Bent á algengustu frumefni og efnasambönd. Komið með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekið þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.	Virkni í tímum Vinnubók Tilraunir